

Ed.

337. Frumvarp til laga

[2. mál]

um firmu, skráningu þeirra og um prókúruumboð.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þingskjali 232 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Halda skal hlutafélagaskrár samkvæmt lögum um hlutafélög og samvinnufélagaskrár samkvæmt lögum um samvinnufélög. Firmaskrár skal halda um firmu annarra félaga og einstakra manna, sem skráð eru samkvæmt lögum þessum.

Skráningarstjórum skal skylt að senda dómsmálaráðuneytinu afrit allra skráningarskjala, um leið og tilkynning um skráninguna er send Lögbirtingablaðinu til birtingar. Ráðuneytið hefur eftirlit með því, að skráningarskjöl fullnægi ákvæðum laga, og lætur halda skrá yfir öll firmu á landinu, sem skráð eru samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra setur nánari reglur um skrár þær, sem í 1. málsgr. getur.

48. gr. hljóðar svo:

Dómsmálaráðuneytið skal árlega gefa út prentaða skrá um öll skrásett atvinnufyrirtæki í landinu, flokkuð eftir atvinnu. Skal í skránni greina stofnár hvers fyrirtækis, upphæð stofnfjár eða hlutafjár og nöfn stjórnenda.